Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 3. desember 2024
2411829/005.05 BR

Svar við fyrirspurn varðandi götulýsingu

Fyrirspurning hljóðaði upp á hvaða þjónustustigi bæjarbúar geti reiknað með varðandi götulýsingu og bilanir og hvernig bærinn fylgi því eftir að það skili sér. Einnig var spurt um ástand á umferðarljósum og bilanir á þeim.

Götulýsing eru einhver þau rafkerfi sem verða fyrir hvað mestri veðuráraun sem er áskorun í rekstri. Ekki er mikill misbrestur á þeim rekstri í Kópavogi um fram það sem við má búast og ef borið er saman við önnur bæjarfélög. Bilanir eru alltaf einhverjar og er unnið að því á hverjum tíma að lágmarka áhrif þeirra eins og kostur er.

Hjá Kópavogsbæ er einn starfsmaður sem sér um gatnalýsinguna og er í samskiptum við verktaka sem svo sjá um framkvæmdir og viðhald. Þjónusta við almennt viðhald er samkvæmt samningi þar að lútandi. Þar sem Þjónustustig á viðhaldi gatnalýsingarkerfisins skal vera sem eftirfarandi:

a. Neyðarþjónusta

Viðbragðstími, hámark 60 mínútur frá því að útkall berst. Það eru einungis ábyrgðaraðili götuljósa hjá verkkaupa, lögreglan eða slökkvilið sem getur kallað út neyðarþjónustu og einungis ef stór eða augljós hætta stafar af.

b. Forgangsverkbeiðnir

Verk skulu unnin í forgangi þannig að vinna hefjist eigi síðar en innan 2ja virkra daga frá því að beiðni berst og að unnið sé samfellt í verkinu þar til því lýkur.

c. Hefðbundnar verkbeiðnir

Öll önnur verk en þau sem falla undir liði A og B og skal miða við þau hefjast eigi síðar en innan sex virkra daga frá því beiðni berst og að unnið sé samfellt í verkinu þar til því lýkur. Ef ósk um neyðarþjónustu eða forgangsverk kemur upp á sama tíma er heimilt að fresta verkinu meðan unnið er að verkþáttum sem tilheyra þeim.

Umferðarljós eru ótengd götuljósakerfinu og er þjónusta umferðarljósa sameiginleg á öllu höfuðborgarsvæðinu. Bilun á umferðarljósum orsakast vanalega af bilun á stýringum, ákeyrslum eða rof á dreifikerfi rafveitu.

Virðingarfyllst,

Kópavogsbær
Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

Skjal sótt af '000000000000' dags: 17.11.2026